

# 242. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 12. JANÚAR 2016 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál
  - a) Fjárhagsáætlun Biskupsstofu, Kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs fyrir árið 2016.
  - b) Samningur á milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjuráðs.
3. Innra eftirlit.
4. Skipun þriggja manna starfshóps sem skoði ályktun við starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar í tengslum við stefnumörkun um eignir og eignastyringu.
5. Skálholt.
  - a) Stjórn Skálholtsstaðar, erindi vegna viðbótarfjármagns og hugmyndir vegna næsta starfsárs.
  - b) Endurheimt votlendis.
  - c) Búrekstur í Skálholti.
6. Kynningarmál þjóðkirkjunnar.
7. Önnur mál

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:50. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti og Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholtsstaðar, sátu fundinn undir dagskrárlið 5.

Jón Þorvaldsson og Einar Karl Haraldsson sátu fundinn undir dagskrárlið 6.

Biskup setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 241. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

---

## 2. FJÁRMÁL

---

a) *Fjárhagsáætlun Biskupsstofu, Kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs fyrir árið 2016.*

Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlana til næsta fundar sem verður haldinn mánudaginn 1. febrúar nk.

Kirkjuráð samþykkti að fjármálahópur kirkjuráðs rýni og undirbúi afgreiðslu fjárhagsáætlana.

b) *Samningur á milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjuráðs.*

Framkvæmdastjóri kynnti drög að endurnýjun samnings milli Kirkjuráðs og Kirkjugarðaráðs varðandi mælingar, ráðgjöf og kortagerð.

Kirkjuráð samþykkti endurnýjun samningsins.

---

## 3. INNRA EFTIRLIT

---

Leiðbeiningar frá Ríkisendurskoðun um skjalfestingu innra eftirlits fyrir stofnanir í A-hluta ríkissjóðs lagðar fram til kynningar. Málið verður á dagskrá næsta fundar.

---

## 4. EIGNIR OG EIGNASTÝRING – SKIPUN NEFNDAR

---

Kirkjuþing 2015 beindi því til kirkjuráðs að skipaður yrði þriggja manna starfshópur sem skoði ályktun við starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar í tengslum við stefnumörkun um eignir og eignastýringu.

Kirkjuráð samþykkti að skipa í starfshópinn Önnu Guðmundu Ingvarsdóttur, formann, Egil Heiðar Gíslason og Ásbjörn Jónsson.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að miðla þeim skýrslum og upplýsingum til starfshópsins sem málið varðar.

---

## 5. SKÁLHOLT

---

a) *Stjórn Skálholtsstaðar, erindi vegna viðbótarfjármagns fyrir árið 2015 og hugmyndir vegna starfsárs 2016.*

Erindi frá stjórn Skálholtsstaðar dagsett 7. desember sl. ásamt greinargerð lagt fram og kynnt af formanni. Stjórnin sækir um aukaframlag til Skálholts fyrir árið 2015 að fjárhæð 5,2 m.kr. Annað erindi frá stjórn Skálholtsstaðar dagsett 12. janúar sl. ásamt greinargerð lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að vísa umsókn stjórnarinnar til fjármálahóps kirkjuráðs vegna gerðar fjárhagsáætlunar 2016.

b) *Endurheimt votlendis.*

Skýrsla Hlyns Óskarsson, Landbúnaðarháskóla Íslands, varðandi endurheimt votlendis í Skálholti lögð fram.

c) *Búrekstur í Skálholti.*

Ábúendur í Skálholti munu hætta búskap í lok sumars og flytja úr Skálholti. Rætt um framtíð búrekstrar á jörðinni. Nánar verður rætt um málið á marsfundi kirkjuráðs í Skálholti.

---

## 6. KYNNINGARMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Kynningarmál þjóðkirkjunnar voru kynnt og rætt um hvað betur megi fara.

---

## 7. ÖNNUR MÁL

---

a) *Prestssetrið á Staðarstað.*

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála sem áður hafa verið til umræðu í kirkjuráði. Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að skoða þann hluta málsins sem snýr að prestssetrinu og gera tillögu að afgreiðslu málsins til kirkjuráðs.

b) *Uppgjör kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu vegna ársins 2015.*

Fjármálahópur kirkjuráðs vakti athygli á að uppgjör þarf að fara fram á milli kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu. Samkvæmt fjárhagsáætlun vegna ársins 2015 er gert ráð fyrir að kirkjumálasjóður fjármagni 12,6 stöðugildi á Biskupsstofu að fjárhæð 104,5 m.kr. en sú fjárhæð er við lok árs samkvæmt launakerfi Biskupsstofu 46.861.515 kr. Kirkjuráð samþykkti að greiða þá fjárhæð úr kirkjumálasjóði í þessum mánuði til Biskupsstofu.

Verði það svo að ríkisvaldið efni að fullu kirkjujarðasamkomulagið mun kirkjuráð skoða á næsta fundi sínum að óska eftir því við Biskupsstofu að það sem sjóðirnir ráðstöfuðu til Biskupsstofu vegna hagræðingarkröfu ríkisins á árinu 2015 verði greitt til baka.

*c) Kauptilboð hefur borist í húseignina að Laugavegi 31.*

Framkvæmdastjóri kynnti kauptilboð í húseignina að Laugavegi 31.

Kirkjuráð samþykkti að hafna tilboðinu að svo stöddu.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið 15:45.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 1. febrúar 2016.

Stefnt er að því að kirkjuráðsfundur 8. mars verði haldinn í Skálholti.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands.

---

Þorvaldur Víðisson,  
ritari.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.